



## Siðareglur kjörinna fulltrúa í Langanesbyggð

### 1. gr.

#### Markmið.

Markmið með reglum þessum er að skilgreina það háttarni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Langanesbyggðar. Reglur þessar ná til kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa og annarra þeirra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins.

### 2. gr.

#### Starfsskyldur kjörinna fulltrúa.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Langanesbyggðar og jafnframt sannfæringu sinni. Ber þeim að starfa fyrst og fremst í þágu íbúanna og ber því að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstakra hópa. Þeim ber ávallt að hafa í heiðri ýtrustu kröfur um ráðvendni, heiðarleika og réttlæti í störfum sínum í þágu sveitarfélagsins.

Kjörnir fulltrúar skulu ávallt hafa í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn sveitarfélagsins.

### 3. gr.

#### Valdmörk.

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Þeir skulu sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins virðingu.

### 4. gr.

#### Hagsmunaárekstrar.

Kjörnir fulltrúar skulu ekki nýta sér stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir sveitarfélagið lýkur.

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

### 5. gr.

#### Ábyrgð á fjármálum.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

### 6. gr.

#### Gjafir og fríðindi.

  
28.2.2014

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að þiggja greiðslur, gjafir eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum ef túlka má það sem endurgjald fyrir greiða.

**7. gr.**

**Trúnaður.**

Kjörnum fulltrúum ber að virða trúnað um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum sveitarfélagsins, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögmætum og málefnalegum rökum.

**8. gr.**

**Að virða hlutverk starfsmanna.**

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna sveitarfélagsins. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum þeim eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

**9. gr.**

**Stöðuveitingar.**


Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

**10. gr.**

**Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings.**

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Langanesbyggðar eða á annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

**Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar 8.maí 2013**

  
Gunnólfur Lorusson, sveitarstjóri

